



Skýrsla sveitarstjóra. September 2019

Verkefni þessar vikurnar

Framkvæmdir

Gatnagerðinni og fráveituframkvæmdum er nú lokið. Það er viss léttir. Þetta verkefni er búið að vera umfangsmikið og á okkar mælikvarða risavaxið. Það er ljóst að sveitarsjóður mun ekki nema að litlum hluta ná upp í kostnaðinn við verkefnið frá fasteignaeigendum í þéttbýliskjörnunum. Núgildandi gjaldskrá gatnagerðargjalda er mjög lág og það er umhugsunarefni hvort ekki er óumflýjanlegt að hækka þau umtalsvert. En það er togast á hvort eigi að leggja ofuráherslu á að koma út þeim lóðum sem tilbúna eru.

Við erum að búa okkur undir framkvæmdir við leikskólann. Endurnýjum á framhlið millisal og milliloft í þann sal. Hugmyndin er að það verði framkvæmt á næsta ári. Ef það verður samþykkt innan fjárhagsáætlunar. Skeiðalaug er stórt umhugsunarefni sem fyrr. Það er búið að leggjast nokkuð í greiningu á kostnaði við endurbætur á mannvirkinu. Eins og við höfum rætt þá blasir við stór spurning um hvað við gerum í því verkefni.

Það er eitt af forgangsverkefnum að laga aðkomuna að bókasafnshúsinu, það er að segja hellulagning á hlaðinu. Það er stærra verkefni en ég og fleiri bjuggust við. Það kallar á viðauka við framkvæmdaáætlun ef ljúka á við það á þessu ári.

Einnig þarf að lengja götunar Holtabraut vegna lóða að sjö nýjum íbúðum. Byrjað er að byggja tvær þeirra og grafið verður fyrir hinum finn innan skamms ef haustið skellur ekki snemma á.

Styttist nú í framkvæmdir við byggingu iðnaðarhúss við Tvísteinabraut. Þrándarholtsmenn eru með þriggja í búða raðhús við Bugðugerði.

Það er í undirbúningi að efla kaldvatnsöflunina við Árnassvæðið. Ákveðið hefur verið að bæta við einu forðabúrstanki í Harmalandinu. Ég var óneitanlega svolítið hræddur við að hér yrði vatnslaust í þurrkatíðinni í sumar. En blessunarlega varð það nú ekki og megum við vel una við það.

Nú mun nýja borholan í Þjórsárholti vera í þann veginn að komast í gagnið. Við megum verð mjög mjög ánægð með það mikla magn sem við við höfum aðgang að þar

Rauðikambur – Reykholt. Það hyllir undir að samkomulag náist um leigu svæðis í Reykholti í Þjórsárdal undir umfangsmikla ferðapjónustu.

Það er framundan við hefja vinnu við fjárhagsáætlunargerðina og mun tími sveitarstjóra fara að talsverðu leyti á tímanum fram að aðventu.

Kidda okkar sem skjalavörður hefur það verkefni um þessar mundir að koma skjölum í GoPro kerfið. Það er mikið verk en þegar því er lokið höfum við væntingar um að skjöl verði aðgengilegri.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Fax: 486 6120 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is

Íbúar

Fjöldi íbúa um síðustu mánaðamót voru 621. Það er ekki að vænta stórra breytinga á fjöldanum á næstunni. Þó eru enn nokkrar sálir skráðar í Búrfelli sem ekki er vitað hvort hugsi sér til hreyfings á næstunni.

Vel hefur gengið að manna stöður við grunn- og leikskóla. Það ber að fagna því og engu líkara en yfir okkur sé lán hvað það varðar.

Læt duga að sinni.

Kristófer Tómasson sveitarstjóri